

AUGLÝSING

um deiliskipulag Þóroddsstaða 2, lóðir A, B og C, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 26. febrúar 2009 samþykkt deiliskipulag er nær til lands Þóroddsstaða 2, lóðir A, B og C, Ölfusi, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð. Deiliskipulagið ásamt umhverfisskýrslu er afgreitt sbr. lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss heimilar auglýsingu á deiliskipulagi fyrir land Þóroddsstaða 2, lóðir A, B og C, Ölfusi, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Byggingarmagn er 0,05 á hverri lóð fyrir sig og mænishæð er miðuð við frá landhæð.

Aðkoma að landinu er frá Þorlákshafnarvegi nr. 38. Samkvæmt aðalskipulagi er heimilt að vera með íbúðabyggð og léttan iðnað á þessu svæði. Byggingarreitur nr. 1 á lóð A er fyrir íbúðahús allt að 300 m² með 8 m mænishæð. Byggingarreitur 2 á lóð B er fyrir vélaskemmu, allt að 400 m² með 6 m mænishæð. Byggingarreitur 3 á lóð B er fyrir íbúðahús allt að 250 m² með 8 m mænishæð. Byggingarreitur 4 á lóð C er fyrir íbúðahús allt að 300 m² með 8 m mænishæð. Byggingarreitur 5 á lóð C er fyrir skemmu fyrir léttan rafiðnað, allt að 400 m² með 6 m mænishæð.

Greinargerð og uppráttur varðandi deiliskipulagið hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 6. mars 2009.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. mars 2009